

*Bréf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna).*

Með þessu bréfi er eptir beiðni forstöðumanns forngripasafnins, inspektors Jóns Árnasonar, og samkvæmt meðmælum stiptsyfirvaldanna veittr tæðu safni 100 rd. styrkr úr lands-sjóði, affè því, sem veitt er til ýmislegra óvissra útgjalda á þessu reikningsári<sup>1</sup>.

**46**  
5ta  
desbr.

*Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).*

Með bréfi herra amtmannsins frá 24. f. m. meðtók eg tvírtaðan reikning sýslumannsins í Árnessýslu yfir kostnaðinn við skoðun og útvisunargjörð til nýbýlis handa landlækni dr. Jóni Hjaltalin í Sleggjubeinsdal á síðastliðnu sumri, og er kostnaðr þessi talinn 15 rd. Þér skýrið í bréfinu frá, að þér hafð aðr, en þessi reikningr var sendr yðr, svarað sýslumanninum, þá er hann spurði yðr um það, eptir hverjum reglum hinn umræddi kostnaðr ætti að greiðast, á þá leið, að sýslumaðrinn hefði rétt til að reikna sér borgun eptir 15. grein aukatekjureglugjörðarinnar, en að þar á móti ætti að ákveða laun skoðunarmannanna eptir 8. grein í tilsk. 15. apríl 1776, en síðan hafð þér við nýja og ýtarlegri ihugun komist að raun um, að það sè vafasamt, hvort sýslumaðrinn geti reiknað sér dagpeninga og ferðakostnað eptir aukatekjureglugjörðinni, því þó orðin í hinni nefndu grein hennar «þetta gildir . . . eðr önnur gjörð, í hverri einskis dóms er óskað» nái einnig til útvisunargjörða til nýbýla, muni þó rættara að álíta, að hinar sérstaklegu ákvarðanir tilskipunarinnar frá 1776 sèu eigi numdar úr gildi með aukatekjureglugjörðinni. Loksins hafð þér tekið fram, að það virðist að minsta kosti auðsætt, að sýslumaðrinn geti ekki, eins og gjört hefir verið í upphaflega nefndum reikningi, talið sér borgun að nokkru leyti eptir tilskipun 1776 og að nokkru leyti eptir aukatekjureglugjörðinni, enda hafi kansallibréf frá 5. oktr. 1839 og rentukammerbréf frá 25. janúar 1840 gjört ráð fyrir, að sýslumönnum beri einungis borgun fyrir gjörðir þær, sem sè um að ræða, eptir tilskipun 1776.

**47**  
5ta  
desbr.

Af þessu tilefni skal yðr tjáð, að landshöfðinginn er yðr samdóma í því, að ákvörðunum þeim, sem 8. grein tilskipunar 15. apríl 1776 hefir inni að halda um borgun af konungssjóði fyrir útvisunargjörðir, er sýslumaðrinn fremr eptir fyrirmælum amtmanns, hafi eigi í neinu tilliti verið raskað með aukatekjureglugjörðinni 10. septbr. 1830, enda hefði, ef svo væri, átt að fara með þetta mál eptir 13. gr. reglugjörðarinnar um kostnað í opinberum málum, og eigi eptir 15. gr. hennar.

Samkvæmt tilskipun frá 1776 verðr kostnaðrinn við nýbýlis útvisun þá, sem hér er um að ræða, því 5 rd. til sýslumanns og 3 rd. 32 sk. til áreiðar- og skoðunarmanna, og fylgir þessu bréfi til þóknanlegrar ráðstafanar herra amtmannsins jarðabókarsjóðsávisun með 2 fylgiskjölum á þessar upphæðir, samanlagðar 8 rd. 32.

*Bréf landshöfðingjans (til póstmestarans).*

Með þessu bréfi var meðal annars tilkynt póstmestarannum, að burðargjald það, sem greiða skal sérstaklega hinni dönsku póststjórn fyrir böggla- og peningasendingar til Nor-egs og Svíþjóðar, verði frá 1. janúar 1875 þetta:

**48**  
8da  
desbr.

1. Undir peningabréf og póströfuskýrteini:
  - a, gjald eptir vikt: 16 aurar fyrir bréfið.

1) Forngripasafninu var fyrst með bréfi 5. marz 1870 veittr 500 rd. styrkr, og síðan samkvæmt bønarskrá alþingis 1871 með 7. grein fjárhagsáætlunarinnar fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, 200 rd.